## Larry Bell frumkvöðull minimalismans sýnir á Kjarvalsstöðum

# Glerið er seiðmagnað efni

**Minimalismi er listastefna sem rekur upphaf sitt til New York árið 1966. Þá hélt hópur listamanna sýningu í Gyðingasafninu sem bar heitið Primary Structures. Verkin voru óhlutlæg myndverk en listamennirnir lögðu áherslu á að einfalda formgerðina í frumþætti sína. Á þessum tíma voru menn einnig að þróa áfram hina geometrísku myndgerð en í kjölfarið komu fram hugmyndir um hlutverk rýmisins í listhlutnum og tengsl við áhorfendur tóku að skipta meira máli en áður. Þessi nýja listastefna hlaut snemma heitið ABC-list eða minimalismi.**

**Grundvallaratriði minimalismans liggja í því að hinni hefðbundnu sjónrænu fagurfræði er alfarið hafnað en þess í stað er það sjónræn skynjun og upplifun áhorfandans á sjálfum sér og listhlutnum í sameiginlegu rými sem skiptir höfuðmáli.**

**Minimalisminn felur í sér nýja fagurfræðilega viðmiðun en listhlutirnir hafa verið einfaldaðir til dæmis í grindur eða ósnertanleg fyrirbæri eins og til dæmis ljós. Formin eru iðulega hlutlaus og allt er nákvæmlega útmælt og því er í raun ekki hægt að stækka eða minnka þessi verk enda eru þau oftast unnin í verksmiðjum og hönd listamannsins hvergi sjáanleg.**

**Frumkvöðlar minimalismans eru mennirnir sem sýndu í New York árið 1966. Þeir eru Donald Judd, Carl André, Robert Morris, Dan Flavin og svo Larry Bell sem er án efa einn sá merkasti í hópnum.**

Larry Bell hefur vakið gríðarlega athygli fyrir verk sem unnin eru í gler og nú um helgina kom listamaðurinn hingað til lands og opnuð hefur verið sýning á nýjum og gömlum verkum hans. Þessi sýning markar tímamót á Kjarvalsstöðum enda ekki oft sem svo frægir listamenn láta sjá sig hér á landi. Blaðamaður Vikublaðsins fylgdist með uppsetningu sýningarinnar á Kjarvalsstöðum og spjallaði við Larry Bell þar sem hann lá á bak við risastóra glerplötu og var að ákvarða staðsetningar á gólfinu.

*Minimalistar hafa valið sér ýmis efni til þess að vinna með til dæmis vinnur Donald Judd aðallega með kassa, aðrir hafa valið sér önnur efni. Hvers vegna gler?*

„Að fást við gler er trúlega einhver besta ákvörðun sem ég hef tekið í lífinu en það var innsæi mitt sem réði henni. Glerið er seiðmagnað efni og það hefur svo mikla möguleika. Það getur samtímis hleypt ljósi í gegnum sig, endurspeglað það eða gleypt það í sig. Með því að stjórna ljósinu, láta það til dæmis falla öðru vísi á það geturðu glætt verkið nýrri tilfinningu. Það tók mig nokkur ár að uppgötva sérstakt tækniferli, sem ég nota mikið, til þess að breyta samleik glers og ljóss. Þegar málmi eða kvars er blandað í gler þá breytist ljósið en flötur glersins heldur sér óbreyttum."


*Ljósið er mikilvægur þáttur í verkum þínum.*

„Já, í mínum huga eru glerverkin eins konar vefnaður. Þau eru í raun úr ofnu ljósi sem hefur verið endurspeglað og fært til. Þess vegna verður alltumlykjandi ljósið í sýningarsalnum þáttur í hverju verki. Veggirnir og gólfið verða hluti af hverju verki."

*Þú getur þá í raun ekki endurtekið sýningar þínar?*

„Nei, þá þyrfti ég að taka sýningarsalinn með mér. Umhverfið er svo stór þáttur í verkum mínum að í raun er ég alltaf með ný verk. Verkin á sýningunni eru í raun val hugmynda og tilrauna og það er ekkert sjálfgefið í þeim efnum enda lít ég á starf mitt sem tilraunastarf.

Ég hef einnig gert tilraunir með það sem ég kalla hið grimmúðlega rétthorn, 90 gráðurnar. Þú sérð þess merki í verkunum sem ég sýni nú. Í mínum huga er fátt áhrifameira í daglegri sjónskynjun mannsins en horn húsa og herbergja þar sem við lifum í og störfum. Við erum ekki áhorfendur í þessu rými, við erum innihald þess. Fólk hugsar kannski ekki mikið út í þetta en rétthornin eru allt í kringum okkur; þau hafa áhrif á jaðarsjón okkar, ákvarðanir og ég er ekki viss um að við náum nokkurn tíma að skilja hversu víðtæk áhrif hornin hafa haft á söguna og framvindu hennar."



*Mætti segja að það gætti nokkurs konar sýndarveruleika í verkum þínum?*

„Já, það má segja það. Til dæmis þegar ég stjórna ljósinu á sýningum þá beini ég því ekki að sjálfum skúlptúrverkunum, heldur lýsi ég það sem verkin endurspegla. Það er sjónarhorn áhorfandans sem skiptir mestu um hvernig hann skynjar verkið. Það sem ég er að reyna að ná fram er að umhverfið hreyfist inni í skúlptúrnum á sama hátt og áhorfandinn hreyfist í kringum skúlptúrinn. Það sem fæst með þessu er að áhorfandinn verður nokkurs konar hluti af verkinu, ekki eingöngu í endurspegluninni heldur í verunni milli endurspeglunar, ljóssins og skynjunar. Blekkingin hefur alltaf heillað mig, hvað er raunverulegt og hvað er óraunverulegt? Sýningin er um yfirborð og ljós. Glerið er grunnefni en ég nota einnig pappír; þessi efni eru stór hluti af daglegu lífi manna. Verk mín eru ekki hugmyndaleg list heldur er megintilgangur verka minna að vekja tilfinningalega skynjun með áhorfandandum," voru lokaorð Larry Bell **aþ**

## ÁBENDING

### Skækjan hættir og frumsýning á Fiðlaranum

Leitt hún skyldi vera skækja hefur nú verið sýnt fyrir fullu húsi síðan í haust. Nú eru aðeins fjórar sýningar eftir. Ástæða þess að sýningum verður að ljúka nú í apríl er sú að leikhópnum hefur verið boðið til á listahátíð í Stokkhólmi í maí. Þegar er uppselt á tvær sýningar svo það er hver að verða síðastur að tryggja sér miða á þessa frábæru sýningu.
Um þessar mundir standa yfir æfingar á söngleik ársins í Þjóðleikhúsinu. Að þessu sinni er það Fiðlarinn á þakinu sem hefur verið valinn til sýningar. Leikstjóri er Kolbrún Halldórsdóttir en með helstu hlutverk munu fara þau Jóhann Sigurðarson og Edda Heiðrún Bachmann. Frumsýning er fyrirhuguð þann 18. apríl næstkomandi.

### Djass á Jómfrúnni

Þann 11. apríl mun Tríó Ólafs Stephensen ásamt Jóhönnu Jónasdóttur koma fram. Auk tónlistar eru bandarískar bókmenntir á dagskrá. Með Ólafi leika þeir Guðmundur R. Einarsson trommur og Tómas R. Einarsson bassi.



Þann 18. apríl leikur norrænt tríó Björns Thoroddsen. Ásamt Birni koma fram þeir Ole Rasmussen bassi, Arne Toolbom trommur og Egill Ólafsson söngvari. Þeir leika frumsamda tónlist.
Þann 25. apríl verður Tríó Kjartans Valdimarssonar með tónleika. Auk Kjartans eru í bandinu þeir Þórður Högnason bassi og Matthías Hemstock trommuleikari. Þeir munu leika tónlist eftir DeJohnettes, Surmans og fleiri, auk frumsaminna opusa.
Þann 30. apríl verður Jam Session á Jómfrúnni en þá er svokallað lokakvöld fyrstu hrinu Múlans.



### Laxness sýning

Þann 19. apríl verður opnuð sýning í Þjóðarbókhlöðu sem samanstendur af málverkum og skúlptúrum af nóbelsskáldinu Halldóri Laxness. Sama dag verður skáldið 95 ára. Þótt sum verkanna séu þegar orðin þjóðkunn þá verða einnig til sýnis mörg myndverk sem eru að koma fyrir almenningssjónir í fyrsta sinn. Sýningin stendur til 31. maí.

# Hvert á að fara?

**Félag eldri borgara**
Leikhópurinn Snúður og Snælda
Sýningar eru í Risinu,
Hverfisgötu 105 Reykjavík
Sími 552-8812
Sigrún Pétursdóttir 551-0730

**Kaffileikhúsið í Hlaðvarpanum**
Vesturgötu 3 (bakvið Fríðu frænku)
Miðasala sími 551-9055
Skrifstofa sími 551-9030.
Miðasala opin frá kl.17.00 sýningardaga.
Miðapantanir allan sólarhringinn.

**Leikfélag Reykjavíkur / Borgarleikhúsið**
Listabraut, Reykjavík
sími 568-8000
Miðasala er opin daglega frá 13.00-18.00
Opið fram að sýningu sýningardaga.
Símapöntun alla virka daga frá 10.00-12.00.

**Loftkastalinn**
Seljavegi 2
Reykjavík
Sími 552-3000
Miðasala opin alla daga frá 10.00-19.00.

**Möguleikhúsið**
við Hlemm
Reykjavík
Tekið á móti pöntunum í síma 562 5060.

**Þjóðleikhúsið**
Hverfisgötu 19
Reykjavík
sími 551-1200
Miðasala opin mánudaga -þriðjudaga frá 13.00-18.00, miðvikudaga til sunnudaga frá 13.00-20.00 og til 20.30 sýningardaga

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
Háskólabíó við Hagatorg
Reykjavík
Sími 562-2255
Fax 562-4475

**Hótel Saga**
Hagatorg
Reykjavík
Sími 552-9900
Fax 562-5084
Miðapantanir 09.00-17.00 virka daga.

**Menningarmiðstöðin Gerðuberg**
Reykjavík
Sími 567-4070
Fax 557-9160
Skrifstofa er opin frá 09.00-17.00 virka daga. Húsið er opið mánfim 09.00-22.00, fös. 09.00-19.00 og um helgar frá 12.00-16.00.

**Listasafn Kópavogs**
Hamraborg 4 / Pósthólf 153
200 Kópavogur
Sími 554-4501
Opið alla daga nema mánudaga frá 12.00 til 18.00.
Kaffistofan er opin á sama tíma.

**Listasafn Íslands**
Fríkirkjuvegi 7
Reykjavík
sími 562-1312
Opið alla daga nema mánudaga frá 12.00 til 18.00

**Norræna húsið**
v/Hringbraut
sími 551-7030 bókasafn 551-7090
Sýningarsalir opnir frá 14.00 til 19.00
Bókasafnið er opið frá kl. 13.00 til 19.00 alla daga nema sunnudaga 14.00 til 17.00
Kaffistofan er opin 09.00 til 17.00 alla daga nema sunnudaga 12.00 til 17.00

**Nýlistasafnið**
Vatnsstíg 3b
Reykjavík
sími 551-4350
Safnið er opið virka daga 14.00-16.00

**Listasafn Einars Jónssonar**
Njarðargötu
Reykjavík
sími 551-3797
Opið alla daga frá 13.30-16.00
Höggmyndasalurinn opinn alla daga frá 11.00-16.00

**Listasafn Reykjavíkur / Kjarvalsstaðir** v/Flókagötu
Sími 552-6131
Opið alla daga vikunnar 10.00-18.00
Kaffistofan er opin á sama tíma

**Listasafn ASÍ**
Grensásvegi 16a
Reykjavík
Sími 568-1770
Opið 14.00-19.00 sýningardaga

**Náttúrugripasafnið**
V/Hlemm
Reykjavík
Sími 562-9822
Opið þrið., fim., lau. og sun. frá kl. 13.00-16.00

**Sjóminjasafn Íslands**
Vesturgötu 8
Hafnarfirði
Sími 565-4242
Opið mánudaga og laugardaga frá 13.00-17.00 og sunnudaga frá 13.00-17.00.

**Þjóðminjasafn Íslands**
Suðurgötu 41
Reykjavík
Sími 552-8888
Opið sunnudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga frá 12.00-16.00.